



## Úthlutun fyrir árið 2016. Í Park Inn by Radison – 10. Mars 2016 kl. 17.30

### **Nr. 1. Rokkbúðir gegn þöggun. – Umsækjand: Stelpur rokka. Verkefnastjóri Áslaug Einarsdóttir.**

Rokkbúðir gegn þöggun eru 4 daga rokkbúðir á Ásbrú fyrir stelpur og transkrakka á aldrinum 16 til 20 ára. Markmið búðanna er að valdefla stelpur í gegnum tónlist og fræða þær um leið um samtakamátt gegn kynbundnu ofbeldi. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.250 þ.

### **Nr. 2. Hæfileikar SamSuð 2016 – Umsækjandi: Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Stefán Arinbjarnarson.**

Verkefnið lýtur að vettvangi fyrir ungmenni á Suðurnesjum til að sýna og rækta hæfileika sína. Keppni sem þessi dregur fram, að á Suðurnesjum er margt ungt hæfileikafólk sem er um leið góðar fyrirmyndir fyrir jafningjana og hvetur þá til dáða. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 400 þ.

### **Nr. 3. Sálumessa – Umsækjandi: Sigurður Sævarsson og er hann einnig verkefnastjóri.**

Um er að ræða nýtt tónverk fyrir blandaðan kór. Stefnt er að því að frumflytja verkið á Allrarheilagramessu. Tónskáldið er Listamaður Reykjanesbæjar. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

### **Nr. 4. Söngvaskáld á Suðurnesjum – Umsækjandi: Dagný Gísladóttir og er hún einnig verkefnastjóri.**

Tónleikaröðin Söngvaskáld á Suðurnesjum er verkefni sem miðar að því að kynna tónlistararf og tónlistarmenningu á Suðurnesjum. Fjallað er um menningarlegan bakgrunn þriggja listamanna og tónlistasögu í máli og tónlistarflutningi. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

### **Nr. 5. Rekstur sýninga Þekkingarsetur Suðurnesja yfir sumartímann – Umsækjandi: Þekkingarsetur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Hanna María Kristjánsdóttir.**

Verkefnið flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. Um árabíl hafa tvær sýningar verið í húsi Þekkingarsetursins, náttúrugripasýning og hin glæsilega sýning Heimskautin heilla sem fjallar um líf og störf franska læknisins og heimskautafarans Jean Baptiste Charcot. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

### **Nr. 6. Átthagastofa – Umsækjandi: Bókasafn Reykjanesbæjar. Verkefnastjóri: Anna Margrét Ólafsdóttir.**



Áttthagastofan mun varðveita upplýsingar um sögu, menningu og fræðslu af svæðinu. Verkefnið mun nýtast áhugafólki um sögu svæðisins en ekki síst þeim sem vinna með upplýsingar um svæðið, nemendur, leiðsögufólk, fræðafólk og ferðafólk. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

**Nr. 7. Guðni á trucknum – Umsækjandi: Steinbogi kvikmyndagerð ehf. Verkefnastjóri: Guðmundur Magnússon.**

Verkefnið lýtur að gerð heimildarmyndar um Guðna Ingimundarson sem um hálftrar aldar skeið gerði út truck sem er útbúinn með palli, spili og gálga. Þessi búnaður nýttist til fjölbreytilegra verkefna eins og féllu til og þörf var fyrir í útgerðar- og fiskvinnsluþorpi. Guðni er heiðursborgari Sveitarfélagsins Garðs. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

**Nr. 8. Nýting á umframorku með varmageymslu – Umsækjandi: Orkurannsóknir ehf. Verkefnastjóri: Krista Hannesdóttir.**

Markmið verkefnisins er að nýta afgangorku úr smávirkjunum, vind- eða fallvatnsvirkjunum með fasaskiptaefnum, en dæmi um slík fasaskiptaefni eru vötnuð sölt. Með frekari þróun verkefnisins býður það upp á að sprotafyrirtæki geti sérhæft sig í lausnum í nýtingu umframvarma. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þ.

**Nr. 9. Kynning á bókmenntaarfinum – Umsækjandi: Bókasafn Reykjanesbæjar ásamt almenningsbókasöfnunum í Garði, Grindavík, Sandgerði og Vogum. Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir.**

Markmiðið með verkefninu er að kynna bókmenntaarfinn, minna á gamla og góða rithöfunda og bókmenntaverk, kynna yngri höfunda og verk þeirra, leggja áherslu á læsi og mikilvægi lesturs. Jafnframt á verkefnið að auka þekkingu almennings á bókmenntum og törfraheimi bókmenntanna. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 750 þ.

**Nr. 10. Menningarfélag Hafna – Umsækjandi: Árni Hinrik Hjartarson og er hann einnig verkefnastjóri.**

Verkefnið flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningarmála. Í samstarfi við sóknarnefnd Kirkjuvogskirkju er fyrirhugað að hafa Safnaðarheimili sóknarinnar þ.e.a.s. Skólann opin fyrir gesti og gangandi á sumrin og bjóða m.a. upp á listmuni og minjagripni gerða af fólkinu á svæðinu ásamt kaffisölu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þ.

**Nr. 11. Akstursdagbók.is – Umsækjandi: Uppvís ehf. Verkefnastjóri Helgi Þ. Kristjánsson.**

Verkefnið lýtur að markaðssetningu Akstursdagbókarinnar en það er nýsköpunarverkefni á tæknisviði í vefsíðuformi, sem er tilbúið til markaðssetningar og leysir af hólmi handskrifaðar bækur sem



einstaklingar nota í dag til skráningar á akstri á eigin bifreið í þágu vinnuveitanda. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þ.

**Nr. 12. Ávinningur Heilsu – Umsækjandi: Lúxdís ehf. Verkefnastjóri: Svandís Ósk Gestsdóttir**

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á íslenskum húðvörum undir nafninu SkinBoss. Varan er samsett úr hráefnum sem ekki hafa sést í íslenskum húðvörum áður. SkinBoss línan er sérstaklega fyrir exem húð og gegn öldrun. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þ.

**Nr. 13. Upplýsinga- og fræðsluskilti í Vogum og á Vatnsleysuströnd – Umsækjandi: Hilmar Egill Sveinbjörnsson og er hann einnig verkefnastjóri.**

Í þessum verkhluta er gert ráð fyrir hönnun og uppsetningu fjögurra skilta sem mynda með þeim skiltum sem fyrir eru fræðsluheild um menningu, sögu og náttúru sveitarfélagsinsins. Skiltunum er komið fyrir á og við útivistarperlur með það að markmiði að dýpka upplifun gesta og sameina þannig náttúrupplifun, útivist, fræðslu og skemmtun. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 900 þ.

**Nr. 14. Sjólyst, annar áfangi innan dyra – Umsækjandi: Hollvinir Unu Guðmundsdóttur í Sjólyst. Verkefnastjóri: Erna M. Sveinbjarnardóttir.**

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningarmála lýtur að því að endurgera Sjólyst í sem næst upprunalegri mynd. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 15. List án landamæra á Suðurnesjum 2016 – Umsækjandi: Sveitarfélögin 5 á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis.**

Verkefnið er listahátíð með þátttöku fatlaðra og ófatlaðra listamanna, einstaklinga og hópa. Í ár er markmiðið að útvíkka hátíðina umtalsvert og bjóða upp á tónleika í Stapanum undir nafninu - Hljómlist án landamæra. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 16. Með Blik í auga – Umsækjandi: Guðbrandur Einarsson og er hann einnig verkefnastjóri.**

Verkefnið lýtur að tónlistarsýningu sem flutt verður þrisvar sinnum í Andrews leikhúsinu á Ásbrú og er hluti af dagskrá Ljósanætur. Sýningunni er ætlað að örva tónlistarmenningu á Suðurnesjum og gera heimamönnum kleift að koma að uppsetningu sem stenst samanburð við það sem best gerist. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 17. Ferskir Vindar – Umsækjandi: Ferskir Vindar. Verkefnastjóri: Mireya Samper.**

Verkefnið er einstakur viðburður sinnar tegundar á Íslandi og mun þar að auki vera í hópi stærstu listahátíða á landinu í dag. Næsta hátíð mun hefjast 17.12.2017. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.



**Nr. 18. Óperurokktónleikar – Umsækjandi: Norðuróp óperufélag. Verkefnastjóri: Jóhann Smári Sævarsson.**

Markmiðið með verkefninu er að leiða saman tónlistamenn sem starfa í mismunandi tónlistarstefnum og finna nýjan flöt á þekktum klassískum efnivið. Einnig er markmiðið að ná eyrum fleirri og nýrra áheyranda ekki síst ungs fólks. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 19. Stemmarinn – Umsækjandi: Stemmarinn ehf. Verkefnastjóri: Rúnar Dór Daníelsson.**

Verkefnið lýtur að smíðum afstemmingarhugbúnaðar sem sparar tíma við bókhaldsvinnslu hjá fyrirtækjum og um leið skilar áreiðanlegri niðurstöðu afstemmingarinnar. Tækifæri voru til staðar að færa afstemmingarvinnu inn í nútímann og nýta tæknina til þess að hafa ferlið sjálfvirkara. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 20. Gulldrengrirnir úr Garðinum – Umsækjandi: Þorsteinn Surmeli. Verkefnastjóri Eypór Sæmundsson.**

Verkefnið er heimildarmynd um gullaldarár Víðis úr Garðinum í knattspyrnu karla 1983-1991. Árangur liðsins vakti landsathygli og enn í dag er talað um gengi liðsins sem eitt mesta afrek íslenskrar íþróttasögu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 m.

**Nr. 21. Markaðssókn og aukning sölustaða á innlendum markaði – Umsækjandi: Geosilica Iceland ehf. Verkefnastjóri: Ágústa Valgeirsdóttir.**

Markmiðið með verkefninu er að markaðssetja kísilsteinefni GeoSilica á innlendum markaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina. Varan er fyrsta íslenska kísilfæðubótarefnið sem komið hefur á markaðinn. Fyrirtækið hefur aflað sér þekkingar á síðustu árum sem gerir það í algærri sérstöðu hvað varðar framleiðslu heilsuvara úr kísli. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 m.

**Nr. 22. GrasPro – Umsækjandi: Pitch ehf. Verkefnastjóri: Einar Friðrik Brynjarsson.**

Verkefnið lýtu að afmörkuðum þætti í viðhaldskerfinu GrasPro. Um er að ræða nokkuð stóran þátt sem lýtur að viðhaldi gervigrasvalla. Mun uppfærslan opna möguleika á mun stærri markaði ásamt að uppfylla kröfur þess markaðar sem nú þegar er stefnt inná. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 m.

**Nr. 23. Mekano fjöltengi – Umsækjandi: Mekano ehf. Verkefnastjóri: Sigurður Örn Hreindal Hannesson.**

Verkefnið lýtur að framleiðslu og markaðssetningu Mekano fjöltengis, sem hefur farið í gegnum hönnun og er frumgerð í smíðum. Markaðssetning lýtur að erlendum mörkuðum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 m.



**Nr. 24. Endurbygging Gömlu búðar 3. áfangi – Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.**

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála, lýtur að uppbyggingu Gömlu búðar sem reist var H.P. Duus kaupmanni í Keflavík árið 1871. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 m.

**Nr. 25. Sýningar í byggðasafni og Garðskagavita – þróun og efnisvinnsla – Umsækjandi: Garðskagi ehf. Verkefnastjóri: Jóhann Ísberg.**

Verkefnið lýtur að fyrsta flokks afþreyingu og þjónustu á Garðskaga fyrir erlenda ferðamenn jafnt sem íslendinga. Verkefninu er ætlað að styðja við sögu, menningu og listir svæðisins. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 26. Safnahelgi á Suðurnesjum – Umsækjandi: Sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.**

Safnahelgi á Suðurnesjum er sameiginleg kynning allra safna, sýninga og setra á Suðurnesjum sem liður í menningarferðþjónustu utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 27. Fuglaskoðunarkort af Reykjanesi – Umsækjandi: Þekkingarsetur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Hanna María Krisjánisdóttir.**

Verkefnið felur í sér gerð fuglaskoðunarkorts fyrir Reykjaneskagann, ætlað ferðamönnum og áhugafólki um fuglaskoðun. Reykjaneskaginn er sérstaklega vænlegur til fuglaskoðunar og mikil þekking varðandi fuglalíf á svæðinu. Rannsóknir og gagnaöflun hefur staðið yfir árum saman hjá Náttúrustofu Suðurvestrurlands. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 28. Sýnileiki UNESCO á Reykjanesi – Reykjanes Geopark. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson.**

Fengist hefur leyfi til að nota merki UNESCO í markaðssetningu á svæðinu. Verkefnið gengur út á að auka sýnileika þessa merkis gagnvart aðilum í ferðþjónustu, almenning á Suðurnesjum og ferðamönnum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 29. FlutningsVaki – Sjálfvirkt Gæðaeftirlit – Umsækjandi: Tæknifræðinám Keilis. Verkefnastjóri: Andri Þorláksson.**

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálvvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun varningur í flutningi verður fyrir. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 30. Nexis heilsueflingarkerfi (heilsugátt) – Umsækjandi: Nexis ehf. Verkefnastjóri: Jóhann Friðrik Friðriksson.**



Verkefnið snýr að markaðssetningu heilsueflingarkerfis fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi ásamt tengdri þjónustu. Verkefnið byggir á fjölþjóðlegu samstarfi sérfræðinga á sviði lýðheilsu, sem hafa það að markmiði að efla heilbrigði meðal almennings. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 31. Þróun mengunarmiðstöðvar með áherslu á líffræðilega mælikvarða – rannsóknir og vöktun í eiturefnavistfræði – Umsækjand: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Halldór Pálmar Halldórsson.**

Verkefnið gengur út á þróun á nýtingamöguleikum, aðferðafærði og aðstöðu til rannsókna á sviði mengunarrannsókna, með áherslu á eiturefnavistfræði. Rannsóknaraðstaðan að Garðvegi 1 í Sandgerði er einstök á heimsælikvarða til rannsókna í eiturefnavistfræði. Það sem gerir aðstöðuna einstaka er annars vegar borholusjórinn sem dælt er bein inn í húsið ásamt afar fjölbreytilegu fuglalífi í nánasta nágrenni. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 32. Listasafn Reykjanesbæjar – tvær merkar sýningar – Umsækjandi: Listasafn Reykjanesbæjar. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.**

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála lýtur að uppsetningu tveggja merkra sýninga sem settar verða upp á árinu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 m.

**Nr. 33. Endurbygging Fischershúss 3. Áfangi - Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.**

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála lýtur að endurbyggingu Fischershúss sem Waldimar Fischer byggði árið 1881. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2,5 m.

**Nr. 34. Varðveisla Verbúðarinnar Bakka í Grindavík og umhverfis þess – Umsækjandi: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri: Örn Sigurðsson.**

Verkefniðsem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála lýtur að uppbyggingu Verbúðarinnar Bakka. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2,5 m.

**Nr. 35. Reykjanes Aurora – Umsækjandi: Rúnar Már Sigurvínsson sem er einnig verkefnastjóri.**

Verkefnið lýtur að þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu á Reykjanesi. Verkefnið er til þess fallið að skapa svæðinu enn meiri sérstöðu en nú er, laða að fleiri ferðamenn og fjölga störfum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3,5 m.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SÚÐURNESJA